

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 — 1971

7. apríl 1971.

81

Nr. 32.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 73 frá 22. maí 1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 100 milljónum króna“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: allt að 200 milljónum króna.

2. gr.

Eftir 1. mgr. 2. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ráðherra og bankastjórar Landsbankans geta með umboði falið öðrum undirritun bankavaxtabréfanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. apríl 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

13. apríl 1971.

Nr. 33.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970,
um Húsnaðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 15. gr. orðist svo:

Ráðherra skipar þá stjórn verkamannabústaða í sveitarfélaginu. Í stjórn þessari eiga sæti sjö menn, sem skipa skal þannig: Þrír eftir tilnefningu sveitarstjórnar, þrír eftir tilnefningu húsnaðismálastjórnar og einn eftir tilnefningu verkalýðsfélaga í sveitarfélaginu. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi hinna tilnefndu

A 11

manna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera fjögur ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 51/1957, um vísindasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:
Stofna skal sjóð, er nefnist vísindasjóður.
Tekjur sjóðsins eru:

- A. Fjárveiting, sem veitt er í fjárlögum hverju sinni.
- B. Fjárframlag frá Seðlabanka Íslands skv. 33. gr. laga nr. 10/1961.

A. m. k. 5% af árlegum peningatekjum vísindasjóðs skulu lögð í sérstakan sjóð, er nefnist stofndeild vísindasjóðs. Höfuðstól stofndeildar má aldrei skerða, en heimilt er að verja vöxtum af fé stofndeildar til almennrar starfsemi sjóðsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.